

Fundargerð 129. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn föstudaginn 14. desember 2018 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Agnar Ólason, Símon Guðvarður Jónsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Guðni Þór Elisson og Andrés Bjarnason,

Fjarverandi: Svanur Gunnsteinsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr.128
2. Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála VM
3. Fjárhagsáætlun VM 2019
4. Bókarkynning
5. Gjafir VM
6. Viðhorfskönnun orlofshúsa
7. Fundarplan vor 2019
8. Önnur mál

Formaður setti fundinn.

1. Frágangur á fundargerðum stjórnarfunda VM nr. 128

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála

Formaður fór yfir stöðuna í kjaramálum. Nokkrir fundir hafa verið haldnir með SA. Fundur verður hjá starfsgreinasambandinu í dag og þar á að taka ákvörðun um hvort vísa á til sáttasemjara eða reyna áfram. Forseti ASÍ er búin að boða iðnaðarsamfélagið til fundar í næstu viku, sennilega snýst sá fundur um að reyna að samræma þ.e að allir gangi í takt.

Einn kjarasamningur var samþykktur munnlega í vikunni en hann snýr að greiðslum til þeirra sem fara í loðnurannsóknir, samþykkt var að greiða næturvinnu 12 tíma á dag.

3. Fjárhagsáætlun VM 2019

Fjárhagsáætlun VM fyrir árið 2019 var lögð fram. Spurningar og umræður voru um ýmsa liði en síðan var áætlunin samþykkt.

4. Bókakynning

Formaður sagði frá bók sem komið var með til hans og um leið og óskað var eftir að VM myndi kynna bókina á heimasíðunni og það væri tilboð á henni til félagsmenna, 5.000 kr. Bókin er saga Guðmundar Viborg listamanns og fyrsta vélstjóra á Íslandi, konu hans og barna. Ákveðið að setja upplýsingar um bókina undir áhugavert á heimasíðunni.

5. Gjafir VM

Formaður sýndi myndir frá Bros af vörunum sem gefnar verða í afmælisgjafir á næsta ári. Stefnt er að því að senda gjafirnar út einu sinni í mánuði, (fyrir allan mánuðinn í einu) í kringum 15. hvers mánaðar.

6. Viðhorfskönnun

Reiknað er með að setja hana á heimasíðuna í janúar eða febrúar.

7. Fundarplan vor 2019

Formaður lagði fram fundarplan fram í maí 2019. Fundirnir verða 24. janúar, 21. febrúar, 21. mars (undirritun ársreikninga), 11. apríl og 16. maí og var það samþykkt. Svo verður skoðað hvort það þarf að fara eitthvað lengra inn í sumarið.

8. Önnur mál.

- Formaður sagði frá vefsíðu (gangabanka) sem skrifstofan hefur áhuga á að fá að kaupa aðgang að. Síðan heitir Kompás og inn á henni er mikið af upplýsingum sem við munum geta notfært okkur. Þetta var samþykkt, en 2 sátu hjá.
- Spurt var hvort eitthvað hefði verið skoðað með að bæta við ársreikninginn 10 árum aftur í tímann svo hægt væri að fylgjast með hvort einhverir liðir væru að hækka meira en eðlilegt er. Formaður sýndi fyrstu drög að þessu skjali sem verið er að vinna. Það sýndi ma. launakostnað hjá félaginu og að hann hefði ekki farið fram úr launaþróun. Ákveðið var að vinna áfram með þetta skjal á næsta ári.
- Umræður urðu um lífeyrismál sem síðan var ákveðið að spjalla um það eftir fundinn, þ.e. þeir sem hefðu áhuga gætu setið lengur.